

LÖG

um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis, nr. 24/2000, með síðari breytingum (kjördæmi, kjörseðill).

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar

forsætisráðherra, forseti Alþingis og forseti Hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 6. gr. laganna:

- a. Orðið „Bæjarhreppur“ í 1. tölul. fellur brott.
- b. Orðið „Grímseyjarhreppur“ í 2. tölul. fellur brott.
- c. Í stað orðanna „Arnarneshreppur, Hörgárbyggð“ í 2. tölul. kemur: Hörgársveit.
- d. Orðin „Sveitarfélagið Álftanes“ í 4. tölul. falla brott.

2. gr.

Á eftir 1. másl. 1. mgr. 52. gr. laganna koma tveir nýir málsliðir, svohljóðandi: Ef framboðslistar í kjöri eru fleiri en sautján skulu listarnir prentaðir í láréttum röðum. Þess skal gætt að í röðunum sé sem jafnastur fjöldi lista.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. febrúar 2013.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Ásta R. Jóhannesdóttir.
(L. S.)

Markús Sigurbjörnsson.

Ögmundur Jónasson.